

Ed.

231. Nefndarátt

um frumvarp til laga um bæjargjöld í Vestmannaeyjum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað framangreint frumvarp. Sjer hún enga ástæðu til þess að neita Vestmannaeyjum um lagaheimild til þess að afla fjár í bæjarsjóð með þeim hætti, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, til þess að standast kostnað af þeim framkvæmdum, sem þar eru nefndar.

En af því að svo virðist, sem frumvarpið sje samið án nægilegs tillits til þeirra kringumstæðna, sem eru fyrir hendi í Vestmannaeyjum, þar sem rikissjóður er eigandi því sem næst alls lands eða lóða í kaupstaðnum, þá þótti nefndinni, sem það yrði að gera á frumvarpinu allverulegar breytingar, til þess að það gæti orðið að lögum. En með þeim breytingum, sem nefndin telur rjett að gerðar sjeu á frumvarpinu og hjer fara á eftir, leggur hún það til, að háttv. deild samþykki það.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 1. gr. Orðið »allar« falli burt.
2. Við 2. gr. a. Í stað orðanna í 2. málsgrein »— fjörutíu auru — af hverj-

- um hundrað krónum virðingarverðs, samkv. fasteignamatslögum» komi: — fjörutíu auru — af hverjum fullum hundrað krónum virðingarverðs, samkv. fasteignamatslögum. Minni upphæð en hundrað krónur kemur ekki til greina.
- b. Á eftir orðunum í 3. málsgrein »tún og hagar« komi: matjurtagarðar og fiskreitir.
- c. Í stað orðanna í 4. málsgrein »lóða, eða leigjendur hvílir á« komi: leigutakar lóða eða notendur, sem samkv. byggingarbrjefi eða öðrum heimildum hafa umráð þeirra.
3. Við 5. gr. a. Í staðinn fyrir orðið »fasteign« komi: húseign.
- b. Á eftir orðunum »veðkröfum á eigninni« komi: að fasteignarskatti til ríkissjóðs undanskildum.
- c. Á eftir greininni komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Nú greiðir leigutaki eða notandi lóðar eigi fasteignargjaldið í 2 ár, og hefir hann þá fyrirgert leigurjetti eða afnotarjetti sínum.
4. Við 6. gr. Önnur málsgrein falli burt.
5. Á eftir 6. gr. komi ný grein (7. gr.), svo hljóðandi:
Með lögum þessum er úr gildi feld, að því er Vestmannaeyjakaupstað snertir, 2. gr. laga nr. 18, 18. maí 1920, um gjald til holræsa og gangstjetta í kaupstöðum, öðrum en Reykjavík og Akureyri.
6. 7. gr. verður 8. gr.

Alþingi, 26. mars 1926.

Jóh. Jóhannesson, Eggert Pálsson, Guðm. Ólafsson.
form. fundaskrifari og frsm.